

Vikufréttir

Vika 7 (10.01. – 14.01. 2020)

Mánudagur

- ✓ Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og sækja tíma með nemendum í 1. bekk, kynnst skólanum og starfinu þar. Hér er um að ræða tilvonandi nemendur í 1. bekk skólaárið 2020 -2021.

Þriðjudagur

- ✓ Könnunin Ungt fólk 2020 lögð fyrir í 8. og 10. bekk
- ✓ Verkfærakistan námskeið fyrir skráða kennara. Grunnskólanum í Borgarnesi kl. 14.00 – 16:30

Miðvikudagur

- ✓ Foreldraviðtöl- endurgjöf og markmið
- ✓ Foreldrum og nemendum er boðið uppá vöflur og kakó að loknu viðtali.

Fimmtudagur

- ✓ Könnunin Ungt fólk 2020 lögð fyrir í 9. bekk
- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 13:30
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30
- ✓

Föstudagur

- ✓ Erasmushópurinn fer út til Tékklands.

Annað:

Mikið er um óskilamuni í skólanum og viljum við minna foreldra á að skoða reglulega hvort barn þeirra eigi einhverja muni sem liggja hjá okkur. Gott ráð er að merkja fatnað barnsins þar sem meiri líkur eru á að hann komist til skila ef svo er. Óskilamunum verður raðað upp í Salnum á foreldraviðtalsdaginn og hvetjum við ykkur til að skoða hvort ykkar barna á einhverja muni þar um leið og þið komið og fáið ykkur vöflur.

Spakmæli:

Vingjarnlegt orð sem fellur í dag getur borið ávöxt á morgun
Mahatma Gandhi

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða miðvikudaginn 12. febrúar. Hver fjölskylda fær sinn viðtalstíma hjá umsjónarkennara. Hér er um kærkomið tækifæri fyrir kennara og foreldra að hittast og ræða um framfarir og líðan nemandans. Þetta eru því mikilvægir fundir sem foreldrar þurfa að nýta vel. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals þennan dag eftir þörfum. Munið að skrá ykkur í viðtal inni á Mentor. Seinasti dagur til að skrá sig í viðtal er mánudaginn 10. febrúar. Ef ykkur tekst ekki að bóka viðtal á Mentor getið þið haft samband við umsjónarkennara. Boðið verður uppá vöflur og heitt súkkulaði.

Erasmus+

Samstarfsverkefnið „Enjoyable MATHS“ er samstarfsverkefni skóla í fjórum löndum, en auk Íslands taka Tékkland, Ítalía og Spánn þátt í verkefninu. Meðal markmiða þess er að kynnast mismunandi aðferðum sem notaðar eru við stærðfræðikennslu og gefa nemendum tækifæri til að umgangast jafnaldra frá öðrum löndum og kynnast menningu þeirra og síðum. Verkefnið mun standa yfir í 2 ár. Gert er ráð fyrir að 18 nemendur úr Borgarnesi heimsæki samstarfslöndin og vinni með jafnöldrum sínum að margvíslegum stærðfræðiverkefnum. Margrét Skúladóttir og Helga Stefanía Magnúsdóttir kennarar stýra verkefninu af hálfu Grunnskólans í Borgarnesi. Grunnskólinn í Borgarnesi er einn þriggja skóla á Vesturland sem fær styrk að þessu sinni en aldrei hafa jafn mörg verkefni fengið styrk í þessum verkefnaflokki. Veitir Erasmus+ styrkur skólum einstakt tækifæri til að efla alþjóðlegt samstarf og nýsköpun. Grunnskólinn í Borgarnesi hefur áður tekið þátt í evrópskum verkefnum. Má þar nefna verkefnið „Water around us“ sem unnið var á unglingastigi

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir